

Í þessu verkefni vil ég að þið veltið fyrir ykkur leikstjórum og "kvikmyndahöfundum". Veljið fimm af eftirvarandi spurningum og skrifið stuttar hugleiðingar út frá þeim (viðmið 150-200 orð).

1)

**Er hægt að leggja kvikmyndaleikstjóra að jöfnu við listamenn úr öðrum skapandi stéttum, s.s. rithöfunda, myndlistarmenn eða tónskáld?**

Kvikmyndaleikstjórar eru skapandi listamenn um það er ekki nokkur spurning í mínum huga. Réttara væri að kalla þá fjöllistamenn, því þeir þurfa að hafa á valdi sínu ýmsar greinir skapandi lista. Leikstjórar skrifa oft kvikmyndahandrit sjálfir, annað hvort eftir sínum hugmyndum eða út frá sögum annarra og þar með eru þeir rithöfundar. Góður leikstjóri getur gert listaverk úr slæmri sögu, en lélegur leikstjóri getur ekki gert listaverk úr góðri sögu. Það eru listrænir hæfileikar leikstjórans sem skipta öllu máli varðandi það hvernig loka niðurstaðan verður.

Leikstjórar vinna með sérfræðingum og listamönnum á ýmsum sviðum, svo sem kvikmyndatöku, lýsingu, hljóðupptöku og síðan klippingu og eftirvinnslu og verða þess vegna að hafa innsýn í allar þessar listgreinar. Leikstjórar þurfa að gefa leikurum skýra sýn á þær persónur sem leikarar eiga að túlka og því þurfa þeir að hafa á sínum takteinum hæfileika sem leikarar hafa. Það eru mörg dæmi um lélegan leik góðra leikara sem ekki hafa fengið leiðbeiningar frá leikstjóranum varðandi hlutverkin sem þeir eru að leika og sömuleiðis eru mörg dæmi um venjulegt fólk sem hefur skilað ágætis leik í samvinnu við leikstjóra sem hefur náð að deila með því sýn sinni á hlutverkin sem það á að skila af sér.

Leikstjórar þurfa að hafa sterka sýn á það hvernig þeir vilja hafa útkomu verksins sem þeir eru að vinna með, því ef þeir hafa hana ekki þá er ekki von á að niðurstaðan verði heilsteypt verk. Í ljósi þeirrar hugsýnar þurfa þeir að taka margar listrænar ákvarðanir sem tengjast ýmsum sviðum kvikmyndagerðar.

2)

**Hversu miklu máli skiptir leikstjórinn þegar þið veljið ykkur kvikmynd til að horfa á?**

Það skiptir mig öllu máli hvaða leikstjóri stendur á bak við kvikmyndir sem ég fer á. Það er einfaldlega aðalatriðið þegar ég vel mér myndir til að horfa á. Það skiptir minna máli hvaða leikarar leika í myndunum, hvar myndin var gerð eða hver framleiðir hana. Á sama hátt get ég sagt að ég fer alls ekki á myndir sem aðrir leikstjórar gera, reynslan hefur kennt mér það.

Sú var tíðin að ég mátti ekki missa af mynd sem uppáhaldsleikstjórinn minn, Akira Kurosawa lét frá sér og voru sýndar hér á Íslandi. Myndir hans voru hverri annari ólíkar og það var ómetanlegt að fylgjast með því hvernig hann tók á hinum ýmsu myndefnum og þroskaðist sem listamaður. Hver og ein einasta mynd sem hann gerði má flokka sem ósvikið listaverk. Ég verð þó að viðurkenna að ég gat ekki horft á sumar myndir hans, eins og t.d. myndina um Samurain sjö. Sömuleiðis hef ég séð nær allar myndir Stanley's Kubrics og þær eru allar sem ein sannkölluð listaverk. Kubric og Kurosawa eru þó mjög ólíkir listamenn, bæði varðandi tæknina sem þeir beita við gerð kvikmynda og við val á söguefni.

4)

**Hvaða leikstjórar detta ykkur í hug sem gætu kallast "kvikmyndahöfundar" út frá skilgreiningunni að þar sé e.k. "undirskrift" eða "nærvera" til staðar, þ.e. að ákveðin þemu, myndur eða einkenni endurtaki sig í gegnum höfundaverk þeirra?**

Það er ekki nokkrum vafa undirorpið í mínum huga að Stanley Kubric er kvikmyndahöfundur. Verkin hans eru öll mörkuð með fingraförum hans, hvert með sínum hætti. Þetta eru mjög ólík verk en þau eru þó samt öll mörkuð af listamanninum. Verk Kubrics eru nær fullkomin sjónrænt

séð, það er eins og hann hafi hugsað út í hvern einasta ramma myndarinnar og séð til þess að ná honum á þann hátt sem hentaði myndinni best. Kubric var menntaður ljósmyndari og það hefur örugglega hjálpað honum að ná þeirri fullkomnun í myndatökum sem hann náði í sínum myndum. Kubric notar einnig tónlist á mjög næman hátt til að gefa hverju atriði í myndunum sínum sterkari blæ.

Fyrst í huga minn kemur kvikmyndin hans *Barry Lyndon*. Innitökurnar eru gerðar með lýsingu sem minna á kertaljós og hver einasti rammi í þeirri mynd er eins og málverk þar sem myndbyggingin er fullkomin. Í vísinda-kvikmyndinni *2001: A Space Odyssey* tengir Kubric saman tónlist og myndatökur á nær fullkominn hátt svo að úr verður eftirminnilegt listaverk. Kvikmyndin *Shining* er hin fullkomna hryllingsmynd og í *Clockwork Orange* er spillað á ótta áhrofundans. Þetta eru allt mjög ólíkar myndir en þær bera þó allar með sér að vera eftir meistara Kubric.

5)

**Eruð þið aðdáendur ákveðinna leikstjóra? Hvers vegna? Hvað gerir þá merkilegri en aðra?**

Ég er mikill aðdáandi Akira Kurosawa. Myndirnar hans heilluðu mig strax í upphafi þegar ég sá þær fyrst. Kurosawa tekst að draga upp lýsingar á manneskjunni eins og hún er og hvernig hún kemst af í umhverfi sínu. Sem dæmi nefni ég veiðimanninn Derzu Usala í samnefndi kvikmynd, en hann átti heima á snæviþöktum auðnum Síberíu og lifði þar í takt við náttúruna. Umhverfi drengsins Dodeskaden eru fátækrahverfi Tókýó borgar, þar sem hann unir sér við að horfa á og leika eftir járnbrautalestum. Báðar þessar persónur eru mér ógleymanlegar, þrátt fyrir að ég hafi séð þessar myndir fyrir fjórtíu árum. Hvernig Kurosawa fer að því að ná fram þessum áhrifum, eru mér óskiljanleg. Ég þyrfti að sjá þessar myndir aftur til að áta mig á því.

Stanley Kubric er einnig í miklu uppáhaldi hjá mér, alveg síðan ég sá mynd hans *2001: A Space Odyssey*. Síðan hef ég reynt að sjá allar hans myndir og ekki orðið fyrir vonbrigðum með neina þeirra. Fágunin í myndatökunum í hans kvikmyndum og samspil myndar og tónlistar er hreinn unaður á að horfa og hlusta.

6)

**Þetta ykkur í hug íslenskir leikstjórar sem gætu talist "kvikmyndahöfundar"? Hvers vegna?**

Ef ég hugsa um íslenska leikstjóra sem í mínum huga er kvikmyndahöfundur, þá dettur mér fyrst í hug Friðrik Þór Friðriksson. Hann skrifar gjarnan handrit eigin mynda, annað hvort út frá sínum hugmyndum eða eftir sögum annarra. Dæmi um mynd sem hann gerði eftir eigin sögu og handriti er *Mamma Gógó*. Myndin *Englar Alheimsins* er gerð eftir samnefndri sögu Einars Mús Guðmundssonar, en Friðrik skrifaði kvikmyndahandritið í samvinnu við Einar Má. Þeir félagar unnu saman handritið að *Börnum náttúrunnar*.

Allar myndir Friðriks Þórs bera með sér sterk einkenni hans sem kvikmyndahöfundar. Hann fjallar á nærgættinn hátt um persónur, líf þeirra og samskipti. Hann notar íslenska náttúru til að gefa atriðunum sérstakan hugblæ og tónlistin spilar þar með. Þó hann sé að fjalla um hádramatísk mál, þá er húmorinn alltaf undirliggjandi.

Í myndinni *Börn náttúrunnar* er hann meðal annars að fjalla um karlmenskuna, það er maðurinn sem gerir það sem gera þarf á orlagastundu en sýnir þó enga fíflirfsku. Mér finnst ég sjá þetta umfjöllunarefni í mörgum myndum hans, stundum ná persónurnar tókum á þessu en stundum ekki. Dramatíkin felst í því.

Reykjavík 1. nóvember 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir